# Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

## TEIK1GA05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Gunnhildur Þórðardóttir, gunnhildur.thordardottir@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Viðtalstími á þriðjudögum kl. 11:55- í stofu 301. | |
| **Námsefni** | Ljósrit frá kennara, efni frá veraldarvefnum og annað efni auk þess sem farið verður í safnfræðslu og sýningar á söfnum og vinnustofa listamanns heimsótt og Fablab Suðurnes. Nemendur nálgast gögn á INNU. | |
| **Áfangalýsing** | Stutt lýsing á efnisþáttum, verkefnum og kennslufyrirkomulagi áfangans. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Í áfanganum er unnið bæði með teikningu og leirmótun með módel sem fyrirmynd. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á þeim þáttum sem mestu skipta við teikningu og mótun mannslíkama. Nemendur tileinka sér aðferðir til að mæla hlutföll mannslíkamans. Ýmist eru teiknaðar eða mótaðar styttri stöður módels þar sem áherslan er á heildarsýn eða lengri stöður sem útheimta vandaðri mælingar og meiri nákvæmni. Nemendur skoða dæmi úr listasögu og samtíma um það hvernig mannslíkaminn hefur verið ríkjandi viðfangsefni myndlistarmanna og hönnuða í gegnum tíðina. | |
| | **Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Verkefni | 70% |
| Skissubók | 15% |
| Virkni og raunmæting | 15% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sæki allar kennslustundir og skili verkefnum á réttum tíma skv. mætingareglum skólans.<br>Nemendur þurfa að koma með skissubók og teikniblýanta: HB, 2B, 4B og 5B/6B, strokleður og yddara og loftharnandi leir. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• því hvernig lína, form og skuggi móta teikningu.<br>• aðferðum til að mæla stærðir og hlutföll og byggja upp mynd af líkamanum.<br>• formum og þrívíddarhugsun módelteikningu- og mótun.<br>• dæmum úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• mæla hlutföll mannslíkamans og sjá og skilgreina form hans.<br>• beita fjölbreyttri línu og skyggingu til að móta mannslíkamann með teikningu.<br>• móta mannslíkamann á sannfærandi hátt. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- móta þrívíða mynd af módeli.
- staðsetja módel í rými og teikna mannslíkamann í réttum hlutföllum.
- greina og ræða um ólík dæmi úr listasögunni þar sem módel er ráðandi þáttur.

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 8 vikur x 7 klst. | 56 klst. |
| **Heimavinna** | 8 vikur x 3 klst. | 24 klst. |
| **Rannsóknarvinna** | 6 x 2 klst. | 12 klst. |
| **Undirbúningur fyrir tima** | 8 klst | 8 klst |
| **Alls** | | **100 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>6. – 10. janúar | Kynning, kennsluáætlun og leir | Verkefni Leir módel<br>Skissubók 2 skissur |
| **2. vika**<br>13. – 17. janúar | Heimasíða | Skila verkefni heimasíða<br>Skissubok 2 skissur (4) |
| **3. vika**<br>20. – 24. janúar | Upphitun | Skilaverkefni upphitun<br>Skissubok 2 skissur (6) |
| **4. vika**<br>27. – 31. janúar | Áferð á þér | Skila verkefni 5<br>Skissubók 2 skissur (8) |
| **5. vika**<br>3. - 7. febrúar | Áferð inni | Skila verkefni 6<br>Skissubók 2 skissur (10) |
| **6. vika**<br>10. - 14. febrúar<br>*Uppbrotsdagur* | Áferð úti | Skila verkefni 7<br>Skissubók 2 skissur (12) |
| **7. vika**<br>17. - 21. febrúar | Ljós og skugga | Skila verkefni 8<br>Skissubók 2 skissur (14) |
| **8. vika**<br>24. - 28. febrúar<br>*Vetrarfrí 27. og 28.* | Módelteikning | Skila verkefni 9<br>Skissubók 2 skissur (16) |
| **9. vika**<br>3. - 7. mars<br>*Námsmatsdagur - Miðannarmat* | Kynning á listamanni<br>Skissubók | Skila lokaskýrslu um áfangann og umhverfisverkefni og skissubók |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Gunnhildur Þórðardóttir*